



Fundur háskólaráðs 21. júní 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 18.06.2001 08:29:15

Dags: 21.06.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

11/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 21. júní var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 Háskólaráð samþykkir að fela rektor að afla lántökuheimildar allt að 500 m.kr. til lúkningar byggingar Náttúrufræðahúss. – Samþykkt einróma.
- 1.2 Rektor leggur til að í ljósi meðfylgjandi álits fjármálanefndar á kostnaði við að setja á laggirnar nám í fornleifafræði verði rektor falið að fylgja málinu eftir.
Samþykkt einróma
- 1.3 Lagt er til að brautskráning kandiata fyrsta vetrardag ár hvert falli niður frá og með fyrsta vetrardegi árið 2002, sbr. meðfylgjandi skýringu. – Ákvörðun frestað til næsta fundar.
- 1.4 Með hliðsjón af bréfi menntamálaráðuneytis 19. mars sl. varðandi nám í arkitektúr, bréfi Háskólans til Listaháskóla Íslands 27. mars sl. og svarbréfi Listaháskólans 20. maí sl., er rektor heimilað að auglýsa starf prófessors í arkitektúr tímabundið til þriggja ára.
– Samþykkt einróma

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagt fram samkomulag verkfræðideildar Háskóla Íslands og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) sem starfa innan Samtaka iðnaðarins.

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Reglur um stofnanir.
Reglur um eftirtaldar stofnanir voru bornar upp til samþykktar:
 - a) Reglur um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.
Samþykkt einróma.
 - b) Reglur um Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. – Samþykkt einróma.
 - c) Reglur um Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. – Samþykkt einróma.
 - d) Reglur um Orðabók Háskólans, með áorðnum breytingum. – Samþykkt einróma.
 - e) Reglur um Reiknistofnun Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.
Samþykkt einróma
 - f) Reglur um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.
Samþykkt einróma.
 - g) Reglur um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.
Samþykkt einróma.

Þá var Þórði Kristinssyni, framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs og Tryggva Þórhallssyni,

lögfræðingi rektorsskrifstofu, heimilað að gera þær orðalagsbreytingar á fyrirbyggjandi drögum að Reglum um Raunvísindastofnun Háskólans, dags. 01.06.2001, sem þeir lögðu til.

Guðmundur G. Haraldsson og Sigríður Ólafsdóttir lögðu fram eftirfarandi tillögu að bókun háskólaráðs um tengsl Raunvísindastofnunar og raunvísindadeildar:

„Það er vilji háskólaráðs að staða Raunvísindastofnunar verði sem næst óbreytt frá því sem verið hefur, sbr. samþykkt ráðsins 19. október sl. og fyrirbyggjandi drög að reglum um stofnunina sem samin hafa verið fyrir háskólaráð. Miðað er við að stofnunin heyri áfram undir raunvísindadeild en njóti áfram sjálfstæðis um fjárhag og fjárveitingar. Stofnunin hefur verið sjálfstæður liður á fjárlögum, en verði breyting þar á, t.d. með því að stjórnvöld kjósi að fella fjárveitingar til Raunvísindastofnunar undir heildarfjárveitingar til Háskóla Íslands, verður leitast við að tryggja að fjárhagur stofnunarinnar verði ekki lakari því sem verið hefur. Í því tilviki verði óskað eftir því að Raunvísindastofnun verði þá sérstakur liður bæði í samningi Háskólans og stjórnvalda um fjárveitingar til rannsókna og skiptingu fjárveitinga innan Háskólans.” - Samþykkt samhljóða.

3.2 Skipun í starfsnefndir háskólaráðs, sbr. fyrirbyggjandi erindisbréf og tillögur.

a) Fjármálanefnd. Nefndin verði skipuð eftirtöldum:

Ingjaldi Hannibalssyni, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild, tilnefndum af rektor og verði hann formaður.

Kristínu Ingólfssdóttur, prófessor í lyfjafræðideild, fulltrúa heilbrigðissviðs.

Samþykkt einróma. Frestað var skipun varamanns frá heilbrigðissviði.

Jörgen Pind, prófessor í félagsvísindadeild, fulltrúa félagsvísindasviðs.

Samþykkt einróma. Frestað var skipun varamanns frá félagsvísindasviði.

Má Jónssyni, dósent í heimspekideild, fulltrúa hugvísindasviðs. Varamaður frá hugvísindasviði verði Jón Ma. Ásgeirsson. Samþykkt einróma.

Önnu Soffíu Hauksdóttur, prófessor í verkfræðideild, fulltrúa raunvísindasviðs.

Varamaður frá raunvísindasviði verði Robert J. Magnus, prófessor við Raunvísindadeild. Samþykkt einróma.

b) Kennslumálanefnd. Nefndin verði skipuð eftirtöldum til tveggja ára:

Hjalta Hugasyni, prófessor í guðfræðideild, formanni

Áslaugu Björgvinsdóttur, lektor í lagadeild,

Friðrik H. Jónssyni, dósent í félagsvísindadeild,

Stefáni B. Sigurðssyni, prófessor í læknadeild,

Jóni K. Fr. Geirssyni, prófessor í raunvísindadeild,

Guðrúnu B. Guðsteinsdóttur, dósent í heimspekideild og

Guðrúnu Ögmundsdóttur, fulltrúa stúdenta.

Samþykkt einróma.

c) Vísindanefnd. Nefndin verði skipuð eftirtöldum til tveggja ára:

Jóni Atla Benediktssyni, prófessor í verkfræðideild, formanni,

Bryndísi Brandsdóttur, vísindamanni á Raunvísindastofnun,

Hannesi Péturssyni, prófessor í læknadeild,

Þórdísi Kristmundsdóttur, prófessor í lyfjafræðideild,

Unni Dís Skaptadóttur, lektor í félagsvísindadeild og

Sigríði Matthíasdóttur, doktorsnema í heimspekideild

Eftir er að skipa einn nefndarmann.

Samþykkt einróma.

- d) Áfrýjunarnefnd vegna vinnumats. Nefndin verði skipuð eftirtöldum:
Eddu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra starfsmannasviðs,
Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi á rektorsskrifstofu og
Jóni Ólafi Skarphéðinssyni, prófessor í hjúkrunarfræðideild.
Samþykkt einróma.
- e) Samráðsnefnd um kjaramál. Nefndin verði skipuð eftirtöldum:
Gísla Má Gíslasyni, prófessor í raunvísindadeild, formanni,
Eddu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra starfsmannasviðs og
Gunnlaugi H. Jónssyni, framkvæmdastjóra fjárreiðusviðs.
- f) Vinnumatsnefnd. Á fundi háskólaráðs 3. apríl sl. voru eftirtaldir skipaðir í
nefndina til eins árs.
Jörgen Pind, prófessor í félagsvísindadeild, formaður,
Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor í félagsvísindadeild,
Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild,
Torfi Tulínus, dósent í heimspekideild
Guðmundur Hálfánarson, prófessor í heimspekideild,
Ásdís Egilsdóttir, lektor í heimspekideild,
Már Músson, dósent í lyfjafræðideild,
Jón Ólafur Skarphéðinsson, prófessor í hjúkrunarfræðideild,
Bjarni Ásgeirsson, dósent í raunvísindadeild og
Jón Atli Benediktsson, prófessor í verkfræðideild.
Samþykkt einróma.
- g) Alþjóðaráð. Skipan frestað til hausts.
- h) Jafnréttisnefnd. Skipan frestað til hausts.
- i) Áfrýjunar- og sáttarnefnd. Samþykkt einróma að leggja nefndina niður.
- j) Skipulagsnefnd háskólalóðar. Samþykkt einróma að leggja nefndina niður.
- 3.3 Stjórn Háskólaútgáfunnar.
Stjórnin verði skipuð eftirtöldum til þriggja ára, skv. 4. gr. reglna um Háskólaútgáfuna:
Guðrúnu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Félagsstofnunar stúdenta,
Höskuldi Þráinssyni, prófessor í heimspekideild og
Magnúsi D. Baldurssyni, aðstoðarmanni rektors.
Samþykkt einróma.
- 3.4 Sjóðsstjórn sjóða í vörslu Háskólans. Stjórnin verði skipuð eftirtöldum til þriggja ára,
sbr. samþykkt háskólaráðs 22. maí sl.:
Áslaugu Björgvinsdóttur, lektor í lagadeild,
Gylfa Magnússyni, dósent í viðskipta- og hagfræðideild og
Jóhanni Ómarssyni, forstöðumanni einkabankþjónustu Íslandsbanka FBA hf.
Samþykkt einróma.
- 3.5 Tillaga að breytingu á 14. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands sem lögð var fram á
síðasta fundi ráðsins.
Framlögð tillaga að breytingu á 14. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands var samþykkt
samhljóða.
- 3.6 Reglur um framgang.

Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs og gerði grein fyrir framlögðum drögum að reglum Háskóla Íslands um framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna. Málið var rætt ítarlega.

Sigríður Ólafsdóttir gerði þá breytingartillögu að lágmarksstig fyrir kennslu, sbr. 4. gr. töflu 1, verði felld brott.

Tillagan var felld með 4 atkvæðum gegn 5.

Þá gerði Sigríður breytingartillögu um að lágmarksstig fyrir kennslu, sbr. 4. gr. töflu 1, verði 10 við framgang í starf dósents og 50 við framgang í starf prófessors. Tillagan var felld á jöfnum atkvæðum 5 gegn 5.

Loks gerði Guðmundur G. Haraldsson breytingartillögu um að lágmarksstig fyrir kennslu við framgang í starf dósents verði 20 stig og 50 stig við framgang í starf prófessors.

Breytingartillagan var samþykkt með 9 atkvæðum, með fyrirvara um samþykki stjórnar Félags háskólakennara, sbr. gr. 3.4 í Stofnanasamningi Háskóla Íslands og félagsins.

Rektor bar upp drög að reglum Háskóla Íslands um framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna, svo breytt, og voru þau samþykkt með 9 atkvæðum gegn 1.

Undir þessum lið var lögð fram til kynningar tillaga að bókun háskólaráðs um það frá hvaða tímamarki framgangur er veittur.

3.7 Laun og mat á störfum kennara í tölvunarfræði.

Rektor gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um laun og mat á störfum kennara í tölvunarfræði.

Ítarlegar umræður urðu um málið og var rektor falið að afla frekari gagna um mat á störfum kennara í tölvunarfræði, laun tölvunarfræðinga á almennum markaði, kennsluálag og rannsóknsumhverfi í skorinni og leita leiða til úrbóta.

3.8 Framgangur dósenta í hlutastarfi í starf prófessors. Rektor reifaði málið, sem var áður á dagskrá ráðsins 14. júní sl. Samþykkt var að óska eftir umsögn Félags prófessora og Félags háskólakennara um málið.

3.9 Stjórnunar- og aðstöðugjald. Frestað til október 2001.

3.10 Erindi til kjaranefndar um launaröðun eldri prófessora samkvæmt reglum kjaranefndar. Rektor gerði grein fyrir framlögðum drögum að erindi til kjaranefndar í tengslum við röðun eldri prófessora í launaflokka. Málið var rætt ítarlega. Rektor bar upp eftirfarandi tillögu: „Háskólaráð felur rektor að kynna ofangreind sjónarmið fyrir kjaranefnd og lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Rektor er jafnframt falið að leita leiða til að breyta röðun eldri prófessora og emerita, sem af ofangreindum ástæðum raðast neðarlega í launakerfi prófessora, þótt störf þeirra hafi skipt miklu máli fyrir fræðigreinar þeirra og Háskólann”. Samþykkt með 9 atkvæðum, einn var á móti.

3.11 Skýrsla um öryggis- og aðgengismál. Rektor gerði grein fyrir framlagðri skýrslu um öryggis- og aðgengismál við Háskólann og þakkaði Valþóri Sigurðssyni byggingastjóra fyrir hana. Málið var rætt og fram komu ýmsar hugmyndir um úrbætur og verður þeim komið á framfæri við byggingastjóra.

4. Önnur mál.

4.1 Erindi formanns stjórnar Siðfræðistofnunar. Samþykkt einróma að Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild, verði skipaður fulltrúi háskólaráðs í stjórn Siðfræðistofnunar.

4.2 Lagt fram minnisblað fjármálanefndar um endurskoðun á deililíkani á þá leið að launastika endurspegli raunlaunakostnað í deildum. Málið verður rætt á fundi háskólaráðs síðar.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 16:30

